Steinunn Kristjánsdóttir, Una Helga Jónsdóttir og Ásta Hermannsdóttir

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Laugarfell á Fellnaafrétti í Fljótsdalshreppi

Skriðuklaustur 2010

© Skriðuklaustursrannsóknir og höfundar
Skriðuklaustri 2010

Forsíðumyndin er af upphlaðinni laug, sk. Lind, við Laugarfell í lok ágúst árið 2005.

Efnisyfirlit

Inngangur 4

Fornleifar og fornleifaskráning 5

Laugarfell í landi Valþjófsstaðar í Fljótsdal 7

Jarðarsaga Valþjófsstaðar 7

Heitar laugar í landi Valþjófsstaðar 8

Laugarkofi 10

Fyrri rannsóknir 10

Fornleifaskráning 2010 12

Umhverfi svæðis 12

Fornleifaskrá 13

Könnunarskurður 17

Snið við nýbyggingu 19

Niðurstöður 21

Heimildaskrá 22

Viðaukar 23

Kort 1. Deiliskipulag Laugarfells 23

Kort 2. Fornleifar innan deiliskipulagssvæðis Laugarfells 24

Inngangur

Vorið 2010 var Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur beðin fyrir hönd Skriðuklausturs-rannsókna um að taka að sér fornleifaskráningu vegna deiliskipulags við Laugarfell á Fljótsdalsafrétti í Fljótsdalshreppi. Laugarfell var í febrúar 2010 úrskurðað sem þjóðlenda í Héraðsdómi Reykjavíkur en það er annars staðsett í landi Valþjófsstaðar í Fljótsdal. Svæðið sem deiliskipulagið nær yfir er 85 ha að stærð en aðaláhrifasvæði þess er um 1,5 km^2 að flatarmáli og er í um 500-550 m hæð yfir sjávarmáli. Deiliskipulagið var gert vegna byggingar ferðamannaskála við Laugarfell, gerð bílastæðis, göngustíga, hestagerðis og tjaldstæðis, ásamt tilheyrandi (sjá kort 1 í viðauka).

Skráninguna unnu Una Helga Jónsdóttir, Ásta Hermannsdóttir, Mark Fussey og Lara Hogg, ásamt Steinunni, og fór hún fram dagana 19. - 20. maí og 9.- 10. ágúst 2010. Um leið og skráning fór fram á vettvangi var einn könnunarskurður tekinn innan svæðisins í þeim tilgangi að kanna aldur upphlaðinnar laugar við heita lind skammt frá þeim stað sem reisa á ferðamannaskálann. Hann tóku Steinunn Kristjánsdóttir, Una Helga Jónsdóttir og Mark Fussey þann 10. ágúst 2010. Skýrsla var unnin að lokinni vettvangsvinnu.

Fornleifar og fornleifaskráning

Í 9. grein Þjóðminjalaga frá 2001 eru fornleifar skilgreindar á eftirfarandi hátt:

> Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
>
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
>
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
>
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
>
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
>
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
>
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
>
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
>
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði teljast minjar 100 ára og eldri til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr. sömu laga. Fara verður fram fornleifaskráning áður en hægt er að samþykkja deiliskipulag eða aðal- skipulag samkvæmt 11. grein laganna:

> Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Nákvæmni skráningarinnar skal vera í samræmi við það skipulag sem unnið er að og skal frekari skráning fara fram á svæðum þar sem fyrirhuguð er mannvirkjagerð. Æskilegt er fyrir framkvæmdaaðila að láta vinna að fornleifamati áður en ráðist er í aðgerðir því samkvæmt 20. grein Þjóðminjalaganna frá 2001 segir:

> Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmdir skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd verks uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags eins og hér um ræðir felur í sér a) heimildasöfnun, þar sem hinar ýmsu heimildir eru skoðaðar og reynt að finna í þeim vísbendingar um mögulegar

fornleifar á svæðinu sem skrá á, b) viðtöl við heimildarmenn um hugsanlegar fornleifar, staðsetningu þeirra og hlutverk ef við á c) vettvangsvinnu þar sem gengið er um svæðið sem verið er að skrá og allar þær fornleifar sem finnast ljósmyndaðar, mældar upp, teiknaðar og lýst skriflega, auk þess sem staðsetning þeirra er mæld með GPS staðsetningartæki, d) úrvinnslu og skýrslugerð sem felur í sér hreinteikningu skráðra fornleifa í tölvu, innslátt upplýsinga og frágang skýrslu. Þær fornleifar sem finnast eru auðkenndar með sýslu (NM/Norður Múlasýslu), föstu númeri jarðarinnar hjá Fasteignaskrá Íslands (áður Fasteignamat ríkisins) og síðan er hver rúst innan hennar auðkennd með númerum frá 001-n. Skráning fornleifa við Laugarfell var unnin með þessum hætti.

Laugarfell í landi Valþjófsstaðar í Fljótsdal

Hér á eftir verður greint frá jarðarsögu Valþjófsstaðar (Fast. nr. 217-3166) og greint sérstaklega frá þekktum mannvirkjum innan deiliskipulagssvæðisins á Laugarfelli. Í lok kaflans verður einnig farið yfir fyrri rannsóknir innan þess.

Jarðarsaga Valþjófsstaðar

Jarðarinnar á Valþjófsstað er fyrst getið í Njálu og sagt að þar hafi Sörli Brodd-Helgason búið.[1] Í sérstökum kafla sem útgefandi *Íslensks fornbréfasafns I* bætir við máldaga frá Bessastaðakirkju í Fljótsdal frá 1203, segir: „Á Bessastöðum mun hafa verið snemma kirkja gjör, og hafa verið framan eptir helzta kirkja í Fljótsdal, en um og fyrir 1200 varð Valþjófstaðr aðalkirkjan, og þó ekki nema hálflandi þar til 1306, að kirkjan eignaðist alla jörðina og þar varð staðr (Beneficium)“.[2]

Í Wilchins máldaga, frá lokum 14. aldar, kemur fram að Valþjófstaðarkirkja, sem þar er sögð Maríukirkja, sé orðin miklu fremri Bessastaðakirkju og stendur m.a. að hún hafi átt allt heimaland sitt, en auk þess hafði hún ýmis ítök og hlunnindi og tíund af ellefu bæjum, utan Bessastaða og Víðivalla, rann þangað.[3] Í máldaga frá 1471 er einnig talað um hlunnindi Maríukirkjunnar á Valþjófsstað, þá kemur fram að enn renni tíund frá ellefu bæjum til hennar, utan Bessastaða og Víðivalla.[4] Þá eru einnig til tveir knappir máldagar varðveittir frá kirkjunni á Valþjófsstað frá árunum 1491-1518 þar sem taldar eru upp eigur kirkjunnar í stuttu máli[5]. Í jarðatali Johnsen frá 1847 er sagt að Valþjófsstaður sé prestssetur (benef.) en jarðardýrleiki er ekki talinn upp þó kúgildin séu 24.[6] Í jarðabók frá 1861 segir hins vegar að jörðin á Valþjófsstað sé 20 forn hundruð að dýrleika en hjáleigan Hóll sé 3 og að jörðin sé svo 63,28 ný hundruð að dýrleika og Hóll sé 4,94.[7]

Til er forn munnmælasaga um tilkomu nafns Valþjófsstaðar en í henni dregur staðurinn nafn sitt af útlaganum Valþjófi. Hann var, ásamt félögum sínum, felldur í kirkjunni á Valþjófsstað eftir að hafa varist vel við heimamenn. Hann varðist hraustlega, m.a. með því að hoppa á milli kirkjubitanna og var hann felldur einna síðastur af útlögunum. Minnst er á að

---

[1] *Njáls saga* 1947, bls. 327.
[2] ÍF I, bls. 341.
[3] ÍF IV, bls. 209-212.
[4] ÍF V, bls. 210.
[5] ÍF VII, bls. 25.
[6] Johnsen 1847, bls. 358.
[7] *Jarðatal 1861*, bls. 137.

mörg örnefni í kringum Valþjófsstaði dragi nöfn sín af þessum útilegumönnum en að þeir hafi verið heygðir í Valþjófsstaðatúni.[8] Á 12. og 13. öld var Valþjófsstaður einnig eitt höfuðbóla Svínfellinga, sem á þeim tíma var ein valdamesta ætt á Austurlandi. Einna frægastir þeirra voru Valþjófsstaðarbræður, þeir Þorvarður og Oddur Þórarinssynir.[9]

Valþjófsstaður er þó líklega hvað þekktastur fyrir Valþjófsstaðarhurðina, einn merkasta forngrip í eigu íslensku þjóðarinnar. Hurðin er útskorin í rómönskum stíl og sýnir þekkt minni úr riddarasögum fornaldar. Í hana er greipt ein elsta fyrirmynd kirkju hérlendis og hefur hún verið notuð til hliðsjónar við endurgerð kirkna hérlendis og á Grænlandi. Hurðin var seld til Danmerkur á 19. öld fyrir nýja hurð og tvo kertastjaka en var skilað ásamt handritunum til landsins um miðja síðustu öld. Talið er að hurðin sé frá því um 1200 og hafi áður staðið fyrir gamalli timburkirkju en að á fyrri hluta 18. aldar hafi verið byggð torfkirkja í stað hennar. Telja menn þá að hurðin hafi verið stytt um þriðjung. Gekk sú saga um Fljótsdalinn að hurðin hafi upphaflega verið fyrir skála sem stóð á Valþjófsstað í margar aldir en var rifinn um miðja 18. öld.[10] Núverandi Valþjófsstaðarkirkja var vígð árið 1966 en innri útihurð hennar er eftirlíking hinnar fornu Valþjófsstaðarhurðar.[11]

Tvíbýli hefur verið á Valþjófsstað frá árinu 1926[12] en til Valþjófsstaðar telst mikið land og nær það m.a. upp á Fljótsdalsheiði þar sem Laugarfell er. Þann 12. febrúar 2010 var þó stór hluti lands Valþjófsstaðar dæmdur sem þjóðlenda í Héraðsdómi Reykjavíkur. Til þessa svæðis telst m.a. afréttarlandið „Undir Fellum“ og Laugarfell sem umrætt deiliskipulag nær yfir. Þar er m.a. að finna heita lind sem nýtt hefur verið til baða um aldir og leifar gangnamannakofa sem nefndur er Laugarkofi.

Heitar laugar í landi Valþjófsstaðar

Á Fljótsdalsheiði benda heimildir til notkunar heitra lauga til baða. Fram kemur í sýslulýsingu frá 1744-1749 að tvær heitar laugar séu í Fljótsdal(shreppi) þó ekki sé tekin fram staðsetning þeirra.[13] Líklega hefur þó einungis verið baðstaður í einni laug við jarðhitasvæðið á Laugarfelli en vitað er um tvo aðra baðstaði annars staðar vestar á heiðinni. Annar þeirra eru Lindir á Vesturöræfum, staðsettar gegnt Sauðafelli austan Jökulsár á Dal. Hinn er Laugavellir

---

[8] Sögnin af Snæfellsþjófunum, 1988.
[9] Ármann Halldórsson 1975, bls. 38.
[10] Helgi Hallgrímsson 2000.
[11] Nat-Norðurferðir, án árs.
[12] Ármann Halldórsson 1975, bls. 39.
[13] *Sýslulýsingar: 1744-1749*, 1957.

í Laugarvalladal, staðsettir vestan Jökulsár á Dal. Lindir er einn þeirra staða sem hurfu undir uppistöðulón Kárahnjúkavirkjunnar.[14]

Um miðja 19. öld er í heimildum fjallað sérstaklega um laugina við Laugarfell en þar stendur: „Skammt frá þessu felli [Hafurfelli] er í sömu átt annað lægra fell kallað Laugarfell, grasi vaxið upp til miðs, annars kollóttur mell. Skemmt fyrir austan það er heit laug sem vellur upp úr kletti sem þó ei stendur upp úr jarðvegnum heldur er hér um bil ½ al[in] [sic] fyrir neðan hann. Vatnið í lauginni eður uppsprettu hennar er snarpheitt (45-40°Reamur), mjög tært og hefur brennisteins málmblandaðan smekk. Í laug þessari eða pytti, sem gjörður er skammt fyrir neðan uppsprettuna og sett stífla fyrir þá fyllast skal, laugar sig með jafnaði giktveikt og kláðfullt fólk og þykir koma að góðu haldi, einkum þegar menn undir eins drekka vatnið úr sjálfri uppsprettunni. Þegar menn hafa laugað sig, er fjórir geta í senn, er stíflan tekin úr pyttinum og vatninu hleypt burt“.[15] Þá segir jafnframt: „Á einum stað inn til heiða sprettur volg lind út undan barði mátulega heitt að lauga sig í henni sem margir gjöra“[16], þó er minnst á að laugin í Laugarfelli sé ekki alltaf jafnheit.[17] Kristian Kålund talar um að vanheilt fólk hafi baðað sig í þró, eða við, heita laug, sem Laugarfell dregur nafn sitt af. Þró sú var gerð til baða.[18]

Í ritinu *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* frá árinu 1975 er einnig talað um laugina á Laugarfelli en þar stendur: „Jarðhiti er undir Laugafelli, þar sem gangnakofi stendur við 60 stiga heita lind, volgrur eru til og frá austan undir Snæfelli“.[19] Í tveimur örnefnaskrám fyrir svæðið er talað um heita laug við Laugarfell og er hún í þeim báðum sögð 40-50 gráðu heit og nefnd Lind“.[20] Í nýrri útgáfu örnefnaskrárinnar er því bætt við að hlaðinn hafi verið baðpollur við laugina.[21] Laugin var þó ekki endurgerð fyrr en um 1980. Þá var jaðar hennar hlaðinn upp og næsta umhverfi lagað.[22] Endurgerðina unnu menn sem voru að vinna að rannsóknum fyrir Fljótsdalsvirkjun og var Lilja Hafdís Óladóttir meðal þeirra sem tóku þátt í verkinu. Að hennar sögn var laugin áður eins og pyttur. Engar hleðslur voru í henni þá, fyrir utan einn stein sem stóð í henni miðri. Var hann látinn halda sér (sjá mynd 5).[23]

---

[14] Lilja Hafdís Óladóttir, 16. ágúst 2010.
[15] *Sýslu- og sóknalýsingar* 2000, bls. 134-145.
[16] *Sýslu- og sóknalýsingar* 2000, bls. 163.
[17] *Sýslu- og sóknalýsingar* 2000, bls. 132.
[18] Kålund, K. 1986, bls. 30.
[19] Ármann Halldórsson 1975, bls. 8.
[20] Ö-UF: ný 2005: 3 og Ö-UF (e.d.), bls. 2.
[21] Ö-UF: ný 2005, bls. 3.
[22] Sigurður Aðalsteinsson 1995, bls. B-7.
[23] Lilja Hafdís Óladóttir, 16. ágúst 2010.

Að auki má benda á að í örnefnaskrá er heimild um aðra laug við Laugarfell, en um hana stendur: „Önnur laug eða volgra er í lækjardragi litlu utar á bakka árinnar [Laugará]“.[24] Ekki fundust aðrar heimildir um þessa laug. Í Ferðabók Eggerts og Bjarna frá árinu 1772 segir: „Í *Fljótsdal* eru laugavætur á tveimur stöðum“, mögulegt er að þar sé átt við laugarnar tvær uppi við Laugarfell þó að það sé ekki öruggt, önnur þeirra á þó án efa við þar.[25]

Laugarkofi

Gangnamannakofi hefur lengi verið á jarðhitasvæðinu við Laugará, skammt frá Laugarfelli, og er hann kallaður Laugarkofi (sbr. örnefnaskrár), en hann er nú fallinn í rúst.[26] Um staðsetningu kofans er sagt að hann hafi verið „[u]tan og ofan við Sundið, skammt frá Laugará þar sem hún beygir í vestur“[27] og jafnframt að Laugarfell sé inn og upp af leitarmannakofanum, Laugarkofa, sem staðsettur er innan við Laugará“.[28] Ekki eru heimildir til um það hvenær kofinn var byggður en þó segir í *Múlaþingi* að árið 1840 hafi líklega verið komið eitthvert skýli við heitu laugina og að árið 1872 hafi kofinn verið í viðgerð og þess vegna líklega verið orðinn nokkuð gamall.[29] Sumarið sama ár, þ.e. árið 1872, segir Burton frá Laugarkofa í bók sem kom út 1875, *Ultima Thule*, og segir hann vera 7x6 feta hreysi sem sé niðurgrafið um 2 fet og með þurrum grjótveggjum.[30] Á mynd af Laugarkofa, frá árinu 1935, virðist kofinn heldur ræfilslegur en hreindýrshorn rís upp af norðurstafni hans. Á öðrum myndum frá árunum um 1950-1960, má sjá að torfþak er á kofanum, þó hugsanlega sé járn undir, og hefur hellum verið raðað ofan á þakbrúnina. Austan á langvegg eru dyr sem opnast inn í kofann og er lítill gluggi efst á suðurstafni.[31] Kofinn hefur fallið fyrir nokkrum áratugum síðan og er hann nú gróin rúst sem stendur á hólkolli rétt fyrir utan og ofan heitu laugina. Hesthús úr bárujárni og lítil hestagirðing standa einnig suðvestan við kofatóftina.[32]

Fyrri rannsóknir

Engar fornleifar hafa áður verið skráðar á því svæði sem deiliskipulagið nær yfir. Í tveimur skýrslum frá Fornleifastofnun Íslands, annarri vegna fornleifaskráningar á Valþjófsstað og

---

[24] Ö-UF: ný 2005, bls. 3.
[25]Eggert Ólafsson 1772, bls. 114.
[26]Ö-UF ný 2005, bls. 3.
[27] Ö-UF ný 2005, bls.3.
[28] Ö-UF (e.d.), bls. 2.
[29] Helgi Hallgrímsson 1999, bls. 48.
[30] Helgi Hallgrímsson 1999, bls. 49.
[31] Helgi Hallgrímsson 1999, bls. 48, sjá einnig Helgi Hallgrímsson 1998, bls. 78-79.
[32] Helgi Hallgrímsson 1999, bls. 48.

hinni vegna fornleifakönnunar á áhrifasvæði virkjunar við Kárahnjúka, er Laugarkofi nefndur og honum þá gefið númer (NM-167d:002) en hann ekki skráður á vettvangi.[33] Engar aðrar fornleifakannanir eða rannsóknir hafa farið fram innan deiliskipulagssvæðisins.

[33] Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahjúka 2001, bls. 10; Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson 2005, bls. 45.

Fornleifaskráning 2010

Eftirfarandi er fornleifaskrá deiliskipulagssvæðisins á Laugarfelli. Leifar mannvirkja, sem teljast til fornleifa, fundust á þremur stöðum innan þess. Eru það leifar Laugarkofa, rústar undir hesthúsi úr bárujárni og upphlaðinnar laugar, sem allar hafa verið nefndar áður í þessari skýrslu. Fornleifar þessar fá hver sitt númer og samanstendur það af sýslu (NM/Norður Múlasýslu), fasteignanúmeri Fasteignaskrár Íslands og staðbundnu fornleifanúmeri. Rituð er lýsing fyrir allar skráðar fornleifar, GPS hnit skráð, og mynd og teikning birt. Öll GPS hnit eru gefin upp í ISNET93 kerfinu með 6-12 m skekkju. Öll mál á fornleifum voru mæld með málbandi en vegalengdir stikaðar. Umhverfi staðarins verður hér fyrst lýst í fáum orðum eins og það var í ágúst 2010, áður fornleifarnar verða taldar upp í sérstakri fornleifaskrá.

Umhverfi svæðis

Mynd 1. Umhverfi deiliskipulagssvæðisins við Laugarfell í ágúst 2010. Myndin er tekin í suðvestur.

Svæðið sem deiliskipulagið nær yfir er grasi gróið, nokkrir steinar eru víðsvegar þó ekki sé hægt að segja að svæðið sé mjög grýtt. Hins vegar er það nokkuð þýft og mýri nær yfir stóran hluta þess. Engin tré eða kjarr er sjáanlegt.

Malarvegur liggur að helsta framkvæmdasvæðinu á staðnum og þarf að fara yfir Laugará til að komast að því en hún er óbrúuð. Á svæðinu eru sem fyrr frá greinir þrjár fornleifar, Laugarkofi, rúst undir hesthúsi og upphlaðna laugin. Ekki sáust neinar leifar af öðrum manngerðum laugum. Fjórir nýlegir skúrar eru jafnframt á svæðinu, auk ferðamannaskálans sem er nú í byggingu, og A-laga kamars. Nokkuð er um kindagötur. Augljóslega hefur verið keyrt töluvert um svæðið, líklega á fjórhjólum, þar sem för eftir slíkan akstur sáust.

Fornleifaskrá

NM 217-3166-001 Laugarkofi – tóft A

Staðsetning (punktur tekinn í miðri tóft)
E: 672726
N: 492171
H.y.s. 570 m
Skekkjumörk: +/-7 m

Rúst Laugarkofa er staðsett um 12 m NA við upphlaðna laug (NM 217-3166-003) og um 15 m SV við ferðamannaskála sem nú er í byggingu (ágúst 2010).

Mynd 2. Rúst Laugarkofa og nýbygging við hann. Mynd tekin í norður.

Rústin er vel greinileg á yfirborði (mynd 2). Hún er nokkuð há miðað við næsta umhverfi en stendur þó í smá halla til NV og því hærra yfir yfirborði þeim megin. Rústin liggur SSV-NNA. Hún er um 12 m löng og um 10 m breið með hruni. Að innanverðu er rústin um 5,5 m löng og 4 m breið. Án hruns er rústin 9,5 m löng og um 7 m breið að utanverðu. Yfirborð hennar er nokkuð slétt, þ.e. veggir standa að mestu uppi að innanverðu. Hún er gróin grasi en stöku steinar, úr veggjum, sjást á yfirborði. Að auki er lítill bútur af járnplötu, líklega úr þakklæðningu, sjáanlegur. Vel er þó gróið yfir hann þar sem hann virðist fastur undir grasi sem þekur rústina. Enginn inngangur er sjáanlegur en líklegt er að hann hafi verið á SV-enda

kofans þar sem veggir eru ógreinilegri þar. Veggir eru nokkuð ógreinilegir þar sem þeir standa ekki upp, þó rústin sé sem fyrr segir í heild vel greinileg á yfirborði. Þykkt veggja er mest um 1,2 m. Steinar eru flestir staðsettir á innanverðum veggjunum og hafa veggirnir líklega verið hlaðnir úr torfi. Hvorki sjást steinar né finnst móta fyrir þeim í veggjum að utanverðu eða í hruni.



Teikning1. Rúst Laugarkofa (teikning: Una Helga Jónsdóttir).

Hæð veggja er hæst um 30-40 cm á SA hlið. Þar stendur ytri hlið veggjarins örlítið upp sem rofabarð. Á vesturhlið er hæð rústar um 1,5 m yfir yfirborði næsta umhverfis. Tæpum 2 m frá ytri hlið vesturveggjar er gróinn torfklumpur, um 50 x 50 cm og 30 cm hár. Hrun innan í rústinni er greinilegt við eystri vegg en eins og áður sagði hefur rústin nokkuð slétt yfirborð svo hrun hefur líklega fyllt hana að innanverðu. SA við rústina er hesthús úr bárujárni sem líklega hefur verið byggt ofan á eldri byggingu þar sem grónir steinar eru sjáanlegir undir bárujárnsveggjum þess (sjá NM 217-3166-002).

NM 217-3166-002 Hesthús – tóft B

Staðsetning (punktur tekinn í miðri tóft)
E: 672732
N: 492166
H.y.s. 565 m
Skekkjumörk: +/- 7 m

Mynd 3. Hesthús byggt á grunni eldri byggingar. Sjá má glitta í nýbyggingu ferðamannaskálans en þar á milli er rúst Laugarkofa. Mynd tekin í norðvestur.

Hesthús úr bárujárni hefur verið byggt ofan á eldri tóft sem liggur rétt við Laugarkofarústina (mynd 3 og teikning 2). Tóftin er staðsett um 20 m sunnan við vegg ferðamannaskálans sem er í byggingu á staðnum og um 15 m austan við upphlöðnu laugina. Er norðurhorn tóftarinnar aðeins um 30 cm frá Laugarkofa (sjá NM 217-3166-001 Laugarkofi – tóft A**)**. Hún er nokkuð gróin grasi en steinaraðir eru þó sjáanlegar í veggjum hennar.



Teikning 2. Teikning af hesthúsi og tóft undir því (teikning: Una Helga Jónsdóttir).

Tóftin snýr A-V og er um 10 m löng og um 5 m breið. Inngangur er norðanmegin á austurvegg og er hann um 1 m breiður. Að innanverðu er tóftin um 9 m löng og 4 m breið. Þykkt veggja er mest 1 m en 0,5 m að jafnaði. Hæð veggja er mest um 30 cm og hrun er mjög lítið. Eins og áður sagði hefur bygging úr viðargrind, klædd bárujárni, verið byggð ofan í tóftina einhverntíma á síðari hluta 20. aldarinnar. Innan í tóftinni/byggingunni er moldargólf en nokkuð drasl hefur verið sett þangað inn, svo sem viðarplötur, plastdúkur, rör og fleira. Sé staðið inni í húsinu sést ekki móta fyrir tóftinni, því hún hefur líklega verið fyllt með mold. Jata er meðfram syðri vegg hússins að innanverðu. Ekki er hægt að segja að tóftin standi í halla, þó örlítill slakki sé við SV horn hennar. Við innanverðan norðurvegg nær bárujárnsklæðningin alveg niður að jörðu svo lítið sem ekkert sést í tóftina þeim megin.

NM 217-3166-003 Upphlaðin laug – tóft C

Staðsetning (punktur tekinn austan megin við laugina)
E: 672712
N: 492164
H.y.s. 565 m
Skekkjumörk: +/- 8 m

Mynd 5. „Lindin“. Upphlaðin laug. Tekið í norður.

Upphlaðna laugin er staðsett um 50 m SV við ferðamannaskálann sem nú er í byggingu. Hún er óreglulega kringlótt, ca. 5x5 m að utanmáli og 4x3,5 m að innanmáli. Dýpt laugarinnar er 50-60 cm. Breidd/þykkt stéttar í kring er mest um 1 m (mynd 5 og teikning 3). Um 1 m breiður stígur liggur í norður frá lauginni í átt að heitri lækjarsprænu um 3 m NV við hana. Sá lækur er 51 °C en laugin er 22 °C (þann 9. ágúst 2010).

Í lauginni miðri er nokkuð stór steinn sem stendur uppúr henni. Á austurhlið hefur hleðslan hrunið nokkuð út í laugina sjálfa. Þetta hefur gerst þegar kindur hafa notað laugina til að drekka úr. Tvö rör eru jafnframt sjáanleg í lauginni.



Teikning 3. Upphlaðin laug við Laugarfell (teikning: Una Helga Jónsdóttir).

Mikið hefur einnig verið traðkað í kringum hana af mönnum og skepnum. Umhverfi hennar hefur verið gras sem nú er orðið að mold og drullu vegna ágangsins. SA við laugina er lítil grasi vaxin brekka, um 70 cm há.

Könnunarskurður

Um 1 m langur og 75 cm breiður könnunarskurður var tekinn um 8 metrum vestan við Laugarkofarústina og um 4 metrum austan við upphlöðnu laugina í þeim tilgangi að aldursgreina mannvist við hana. Nánari staðsetning hans var eftirfarandi:

E: 672715
N: 492166
H.y.s. 563 m
Skekkjumörk: +/- 6 m

Mynd 6. Suðursnið

Mynd 7. Austursnið

Dýpt skurðarins varð 75 cm en þá var komið niður á jökulleir og ljóst að engra minja væri að vænta þar undir. Jarðlög voru annars skýr en fá gjóskulög greinileg sem nýtanleg voru til aldursgreininga. Þar mátti þó greina gjósku úr gosi í Veiðivötnum frá árinum 1477 og sk. Landnámsgjósku frá lokum 9. aldar. Yfirborð svæðisins er mjög úttraðkað af mönnum og skepnum. Grasrót var því nánast engin. Teiknuð voru suður- og austursnið og teknar ljósmyndir af þeim (myndir 6 og 7, teikningar 4 og 5).



Teikning 4. Suðursnið könnunarskurðar (teikning: Una Helga Jónsdóttir).



Teikning 5. Austursnið könnunarskurðar (teikning: Una Helga Jónsdóttir).

Ekki reyndist unt að aldursgreina upphlöðnu laugina með töku könnunarskurðarins. Segja má þó með vissu að laugin sé ekki eldri en 500 ára, vegna þess að gjóskan sem féll við gos í Veiðivötnum reyndist óröskuð í sniðum hans. Jarðvegsmyndun ofan gjóskulagsins var hins vegar mjög lítil, hugsanlega vegna foks og ágangs manna og dýra.

Snið við nýbyggingu

Unnið er að byggingu ferðamannaskála á Laugarfelli og liggur nýbyggingin steinsnar frá rúst Laugarkofa (sjá mynd 2). Ákveðið var að teikna upp snið sem hafði myndast þegar grunnur hennar var tekinn og lá það næst Laugarkofarústinni. Nánari staðsetning þess var eftirfarandi:

E: 672737
N: 492186
H.y.s. 559 m
Skekkjumörk: +/- 4 m

Mynd 7. Snið við nýbyggingu. Mynd tekin í suður.

Sniðið var 1 metri þar sem það var dýpst en 70 cm þar sem það var grynnst (mynd 7). Engin mannvistarlög sáust í því en hins vegar mátti skýrt greina þar gjóskulagið úr Veiðivatnagosinu árið 1477.



Teikning 6. Snið við nýbyggingu ferðamannaskála (teikning: Una Helga Jónsdóttir).

Ekki var hægt að aldursgreina rúst Laugarkofans af samsetningu jarðlaga í sniðinu en það bendir til eyðingu jarðvegs á staðnum, hugsanlega vegna foks eða ágangs manna og dýra líkt og fram kom í sniðum könnunarskurðarins. Sniðið sýnir aftur á móti að minjum var ekki raskað við gerð nýbyggingarinnar, þó hún standi í raun of nærri þeim en æskilegt geti talist.

Niðurstöður

Ekki eru líkur á að fornleifar spillist vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Laugarfelli. Bygging ferðamannaskálans hófst hins vegar áður en skráning fornleifa fór fram og stendur nýbygging hans nær Laugarkofarústinni (NM 217-3166-001 Laugarkofi – tóft A) en æskilegt getur talist. Aðspurðir vissu þeir, sem voru að störfum við nýbygginguna á meðan skráning fornleifa fór fram, ekki af rúst Laugarkofa á staðnum. Samkvæmt 11. grein Þjóðminjalaga frá 2001 skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Minjarnar við Laugarfell eru ekki friðlýstar en friðaðar eins og allar aðrar fornleifar og skal í þeim tilfellum hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um það hversu nærri má byggja þeim í hverju tilfelli fyrir sig. Venjulega er tekið mið af friðhelgi friðlýstra rústa við slíkt mat. Aðstæður á Laugarfell undirstrika þess vegna nauðsyn þess að skrá fornleifar áður en skipulag vegna framkvæmda er samþykkt, líkt og raunar kemur fram í 11. grein Þjóðminjalaga.

Gæta þarf einnig varúðar þegar hesthúsið sem nú er á staðnum verður lagfært, samkvæmt deiliskipulagi, vegna þess að undir því er rúst eldra mannvirkis (sjá Fornleifaskrá NM 217-3166-002 Hesthús – tóft B). Æskilegt er að starfsmaður Fornleifaverndar ríkisins fylgist með framkvæmdinni en grafa þarf rústina upp, kalli endurbyggingin á jarðrask. Eins skal hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins áður en laugin verður endurgerð, því ekki er ljóst hversu gömul hún er að grunni til (sjá Fornleifaskrá NM 217-3166-003 Upphlaðin laug – tóft C). Könnunarskurðurinn sem tekinn var við hana leiddi ekki í ljós aldur hennar. Ekkert jarðrask er þó hægt að greina við hana áður en gos varð í Veiðivötnum árið 1477. Núverandi hleðslur hennar eru aðeins um þrjátíu ára gamlar en ritaðar heimildir benda til notkunar á lauginni í um 250 ár. Sjálfsagt má þó ætla að heita vatnið við Laugarfell hafi verið nýtt til baða enn lengur.

Afar jákvætt er að stefnt skuli að því að girða svæðið af, setja upp afmörkuð bílastæði, auk sérstakra göngu- og reiðstíga, vegna þess að svæðið allt er illa farið vegna óhefts umgangs manna og dýra um það. Efstu lög minja á staðnum eru af þessum ástæðum nánast uppeydd á köflum og mikil hætta er á frekari uppblæstri ef ekkert yrði að gert.

Heimildaskrá

Ármann Halldórsson (ritstj). (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi: II. bindi*. Egilsstaðir: Búnaðarsamband Austurlands.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Magnús Á. Sigurgeirsson. (2005). *Fornleifaskráning á Valþjófsstað í Fljótsdal* (FS280-05111). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Eggert Ólafsson. (1772). *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757, II. bindi*. (4. útgáfa). Reykjavík: Örn og Örlygur.

Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka. (2001). Adolf Friðriksson (ritstj.). (Skýrsla nr. FS135-00061). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Helgi Hallgrímsson. (1998). Samantekt um gangnakofa í Fljótsdalsafréttum 1. *Múlaþing* 25, bls. 72-89.

Helgi Hallgrímsson. (1999). Samantekt um gangnakofa á Fljótsdalsafréttum. *Múlaþing* 26, bls. 46-69.

Helgi Hallgrímsson. (2000, 22. janúar). Höfuðbólin í Fljótsdal III: Valþjófsstaður. *Lesbók Morgunblaðsins*. Sótt þann 04.05.2010 af: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=514550

ÍF: *Íslenskt fornbréfasafn, sem hefur inni að halda bréf og fjörninga, dóma o gmáldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn*, bindi I-XV. 1857-. Kaupmannahöfn/ Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafjelag.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn.

Jarðabók (1861). *Ný Jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861*. Kaupmannahöfn.

Kålund, K. (1986). *Íslenskir sögustaðir* IV. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Nat – Norðurferðir. (án árs). *Guðshús á Íslandi*. Valþjófsstaðarkirkja. Sótt þann 06.05.2010 af: http://www.nat.is/Kirkjur/Kirkjur%20austurland%20valthjofsstadarkirkja.htm

Njáls saga. (1947). Í *Íslendingasögur XI: Rangæinga sögur* (bls. 1-434). Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.

Sigurður Aðalsteinsson. (1995, 11. ágúst). Fleiri í hestaferðum um Jökuldal. Í *Morgunblaðið*, (aukablað um Ferðalög).

Sýslulýsingar: 1744-1749. (1957). Reykjavík: Sögufélag.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. (2000). Múlasýslur. Reykjavík: Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands.

Sögnin af Snæfellsþjófunum. (1988). Í Sigfús Sigfússon (ritstj.), *Íslenskar þjóðsögur og sagnir IX*, bls. 165-170. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Ö-UF: Undir Fellum – Örnefnaskrá. (e.d.). Samlesið G.S.M. – S.J. Reykjavík: Örnefnastofnun.

Ö-UF ný: Undir Fellum: ný – Örnefnaskrá. (2005). Endurskoðað af Helga Hallgrímssyni. Reykjavík: Örnefnastofnun.

Munnlegar heimildir

Helgi Hallgrímsson (f. 1935) líffræðingur frá Droplaugarstöðum í Fljótsdal: Munnlegar samræður á heimili hans á Egilsstöðum 19.05.2010.

Lilja Hafdís Óladóttir (f. 1956) bóndi á Merki á Jökuldal: Munnlegar samræður símleiðis 16.08.2010.

Viðaukar



Kort 1. Deiliskipulag Laugarfells (© LANDARK).



Kort 2. Fornleifar innan deiliskipulagssvæðis Laugarfells (© Landmælingar Íslands).